

28. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsild.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsild, en léttverkuð telst sú

sild, sem söltuð er með 22 kg. salts eða minna í 120 lítra tunnu, eða tilsva-
andi í minna ílát.

Sama gildir um alla tálkutekna og slógdregna sild, þótt meira sé söltuð.

Ef nauðsyn ber til, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að fara skuli eftir
ákvæðum þessara laga um fleiri tegundir saltsildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa nefnd til að hafa á hendi nánari fram-
kvæmd laga þessara, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn
ákvæðum reglugerðar, sem sett kann að verða samkvæmt lögum, varða
sektum allt að 25 krónum fyrir hverja heila tunnu léttverkaðrar saltsildar,
sem út er flutt eða seld úr landi án heimildar.

Með brot gegn lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal fara
sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Af ástæðum sem tilgreindar eru í upphafi bráðabirgðalaga 31. júlí 1934,
sem prentuð eru á fylgiskjali I hér á eftir, var það talið bráðnauðsynlegt, að
setja þegar á öndverðum sildveiðitímanum 1934 ákvæði, er heimiluðu ríkis-
stjórninni allviðtæk afskipti af sölu og útflutningi léttverkaðrar sildar (Matjes-
sildar), sem á síðari árum er orðin allmikil markaðsvara, einkum í Mið-
evrópu. Íhlutun stjórnarinnar um sölu og útflutning sildarinnar var svo nán-
ara tiltekin með reglugerð 8. ágúst 1934 og notaði stjórnin sér heimild 2. grein-
ar bráðabirgðalaganna til þess að fela nefnd nánari framkvæmd þeirra og
voru í hana skipaðir stjórnarnefndarmenn Sölusamlags íslenskra Matjessild-
arframleiðenda á Siglufirði. Þótti það nauðsynlegt, þarsem mikill meiri hluti
allra framleiðenda léttverkaðrar sildar voru í samlaginu. Var nefndinni með
reglugerðinni gefið viðtækt vald um sölu þessarar sildar, og skilyrði fyrir út-
flutningsleyfum, þareð sýnt þótti, að hún gæti því að eins haft nægilegt og
nauðsynlegt tangarhald á útflutningnum og framboðinu erlendis, að salan
færi fram fyrir hennar milligöngu. Mun fyrirkomulag þetta hafa reynzt vel,
því það er kunnugt að léttverkuð sild hefir að þessu sinni selzt háu verði.

Það kom þegar í ljós er leið á sildartímann, að sumir reyndu að fara í
kring um lögin með því að salta síldina nokkuð yfir 22 kg. í tunnu og hella
síðar á hana daufum þækli og varð því ekki komizt hjá því að girða fyrir
þetta með nýjum bráðabirgðalögum, sem sett voru 16. ágúst 1934 og prentuð
eru á fylgiskjali II hér á eftir.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðalög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning
á léttverkaðri saltsild.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórnæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að
vegna nauðsynjar á skömmun á útflutningi léttverkaðrar saltsildar til sumra
af viðskiptalöndum Íslands, svo og vegna annara erfiðleika og takmarkana
við sölu á þessari vörutegund, sé það óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fái
ihlutunarvald um sölu og útflutning þessarar vöru, þannig að hún geti ráð-
stafað útflutningnum svo að hann verði í samræmi við sölumöguleika í við-
skiptalöndunum.

Þar sem svo er ástatt sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn
bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinna
um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess
að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsild, en léttverkuð telst sú sild,
sem söltuð er með 22 kg. salts eða minna í 120 litra tunnu, eða tilsvarendi í
minna ilát.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa nefnd til að hafa á hendi nánari fram-
kvæmd laga þessara, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn
ákvæðum reglugerðar, sem sett kann að verða samkvæmt lögunum, varða sekt-
um allt að 25 krónum fyrir hverja heila tunnu léttverkaðrar saltsildar, sem út
er flutt eða seld úr landi án heimildar.

Með brot gegn lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal fara sem
almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 31. júlí 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Bráðabirgðalög

um viðauka við bráðabirgðalög 31. júlí 1934 um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að heimild sú, sem felst í bráðabirgðalögum 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, náí eigi tilgangi sínum nema hún sé rýmkuð nokkuð, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Sama gildir um alla tálkntekna og slógdregna síld, þótt meira sé söltuð.

Ef nauðsyn ber til, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að fara skuli eftir ákvæðum þessara laga um fleiri tegundir saltsildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 16. ágúst 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.